

Þriðjudaginn 22. apríl 1997.

Nr. 171/1997.

Hörður Gunnar Ingólfsson

(Ólafur Sigurgeirsson hdl.)

gegn

Hagstofu Íslands

(Jón G. Tómasson hrl.) **og**

Fljótshlíðarhreppi

(Skúli Pálsson hrl.)

Kærumál. Lögheimili. Lögvarðir hagsmunir. Kröfugerð.
Frávísunarúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 1. apríl 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 15. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. mars 1997, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðilum er vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og héraðsdómara gert að taka málið til efnismeðferðar. Hann krefst jafnframt kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í kæru sóknaraðila er atvikum lýst svo, að hann hafi gagnstætt fullyrðingu varnaraðilans Fljótshlíðarhrepps verið búsettur að Núpi I árið 1996 fram til þess, er hann var borinn af jörðinni með aðfarargerð 26. september sama ár. Eftir það hafi hann fyrst verið á verðgangi, en síðan á meðferðarstofnunum. Hefur hann lagt fram vottorð frá tveimur slíkum stofnunum, sem staðfesta, að hann hafi dvalist þar nær samfellt frá 10. desember 1996. Telur hann slíka vist ekki leiða til breytinga á lögheimili, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1990 um lögheimili. Frá september til desember 1996 telur hann sig ekki hafa átt heima í Reykjavík frekar en fyrir 26. september 1996. Hefur hann lagt fram yfirlýsingu, dagsetta 1. apríl 1997, þar sem útgefandi hennar staðfestir, að hann hafi í september síðastliðnum tekið við

búslóð sóknaraðila frá sýslumanninum á Hvolsvelli og haft hana í geymslu síðan. Þá getur sóknaraðili þess, að hann hafi í byrjun september 1996 leitað eftir tiltekinni félagslegri aðstoð Fljótshlíðarhrepps, en þess háttar aðstoð hafi hreppurinn veitt sér áður. Lýsir sóknaraðili þeirri afstöðu sinni í kærinni, að skráning lögheimilis síns eftir 26. september 1996 hafi með réttu átt að vera með þeim hætti, að hann væri óstaðsettur í hús í Fljótshlíðarhreppi.

Að því virtu, sem að framan greinir, verður ekki fallist á með varnaraðilum, að sóknaraðili geti ekki átt lögvarða hagsmuni af niðurstöðu málsins og að slíkt eigi að leiða til, að málinu verði vísað frá dómi.

Ágreiningur málsaðila lýtur í raun að því, hvar lögheimili sóknaraðila beri að skrá nú. Þótt orðalag kröfugerðar hans sé ekki svo nákvæmt sem skyldi, er engu að síður ljóst, að deila þeirra snýst um réttmæti tilkynningar oddvita Fljótshlíðarhrepps til Þjóðskrár 7. júní 1996, en úrlausn um það getur ráðið niðurstöðu um, hvar lögheimili sóknaraðila teljist vera nú. Má því telja kröfugerð hans nægilega skýra, svo að dómur verði felldur á sakarefnið.

Samkvæmt framangreindu verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Rétt þykir, að málskostnaður í héraði í þessum þætti málsins falli niður svo og kærumálskostnaður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi. Lagt er fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. mars 1997.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 5. mars sl., er höfðað með stefnu, þingfestri 19. desember 1996, af Herði Gunnari Ingólfssyni, Núpi I, Fljótshlíð, Hvolsvelli, gegn ráðherra Hagstofu Íslands vegna Þjóðskrár, Skuggasundi 3, Reykjavík, og Fljótshlíðarhreppi, Hvolsvelli.

Dómkröfur í málinu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að hann fái viðurkenningu á því, að lögheimili hans átti 7. júní 1996 að vera að Núpi I, Fljótshlíð, Hvolsvelli, og með því er gerð krafa um, að tilkynning Kristins Jónssonar, oddvita Fljótshlíðarhrepps, sé felldur úr gildi.

hlífðarhrepps, dags. 7. júní 1996, til Þjóðskrár um breytt aðsetur stefnanda verði dæmd dauð og ómerk. Jafnframt er gerð krafa um málskostnað úr hendi stefndu að mati dómsins auk virðisaukaskatts.

Stefndi, ráðherra Hagstofu Íslands vegna Þjóðskrár, gerir eftirfarandi kröfur: aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, til vara, að þessi stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Í báðum tilvikum er þess krafist, að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Stefndi Fljótshlíðarhreppur krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi. Til vara er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar samkvæmt mati dómsins að teknu tilliti til virðisaukaskatts, þar sem stefndi er ekki virðisaukaskattsskyldur, í samræmi við hagsmuni málsins, vinnu málflytjanda og annan kostnað af málinu, en málskostnaðarreikningur verði lagður fram við aðalmeðferð málsins, fari hún fram.

— — —

Niðurstaða.

Hinn 7. júní 1996 ritaði Kristinn Jónsson, oddviti Fljótshlíðarhrepps, undir tilkynningu til Hagstofu Íslands, þar sem stefnandi er sagður hafa farið frá Núpi I þar í sveit 1. janúar 1996. Er tekið fram í tilkynningunni, að stefnandi hafi frá þeim tíma ekki búið þar, þótt eitthvað af búslóð hans væri þar ennþá, en landeigandi Núps I hafi staðið í útburðarmáli gegn stefnanda.

Fram hefur verið lögð í málinu dómsátt, dagsett 12. ágúst 1996, þar sem stefnandi lofar að rýma jörðina Núp I eigi síðar en 12. september 1996. Með aðfarargerð 26. september 1996 var stefnandi borinn út af jörðinni Núpi I, Fljótshlíðarhreppi, og hefur hann ekki sýnt fram á, að hann eigi þar rétt til búsetu, en ómótmælt er, að stefnandi er nú búsettur í Reykjavík.

Ef vafi leikur á um lögheimili manns, er Þjóðskrá, hlutaðeigandi manni eða sveitarfélagi, sem málið varðar, rétt samkvæmt 11. gr. laga nr. 21/1990 um lögheimili að höfða mál til viðurkenningar á, hvar lögheimili hans skuli talið. Um málið fer eftir almennum reglum um meðferð einkamála í héraði.

Í 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 91/1991 er að finna heimild til þess að höfða mál og krefjast þar aðeins dóms um viðurkenningu á tilvist eða efni réttinda eða réttarsambands, en áskilið er, að stefnandi þurfi þá að hafa lögvarða hagsmuni af því að fá leyst úr um slíkt.

Stefnandi hefur ekki í máli þessu fært að því nein rök eða getað sýnt fram á, að hann hafi lögvarða hagsmuni af því, að dæmt verði um kröfur hans í málinu eða að úrlausn í máli þessu hafi raunhæft gildi fyrir réttar-

stöðu hans. Ber því með vísan til 1. mgr. 24. gr., sbr. 25. gr. laga nr. 91/1991, að taka til greina kröfur stefndu um, að máli þessu verði vísað frá dómi.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnanda að greiða stefndu málskostnað, sem ákveðst 40.000 kr. til hvors stefnda um sig. Er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Hörður Gunnar Ingólfsson, greiði stefnda Fljótshlíðarhreppi 40.000 kr. í málskostnað og stefnda ráðherra Hagstofu Íslands 40.000 kr. í málskostnað.
